

**Úrskurður**  
**úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála**  
**í máli nr. 5/2010**  
[REDACTED]  
**gegn**  
**Póst- og fjarskiptastofnun**

**I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila**

Með kæru, dags. 8. júlí 2010, kærði [REDACTED], íbúi í fjöleignarhúsinu [REDACTED] í Reykjavík ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 16/2010 um staðsetningu bréfaþakassa að [REDACTED], 110 Reykjavík, dags. 15. júní 2010. Kærandi gerir þær kröfur að úrskurðarnefnd felli úr gildi hina kærðu ákvörðun og kveði á um að Íslandspósti sé áfram skylt að bera út póst til íbúanna eftir sem áður þar sem hver íbúð í fjölbýlishúsinu hafi sér inngang.

PFS krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað og hin kærða ákvörðun verði staðfest

**II. Helstu málsatvik**

Málsatvik eru þau að í fjöleignarhúsinu [REDACTED] eru póstkassar við inngang inn í hverja íbúð í húsinu. Húsið er með opnum svalagöngum en þrjú sameiginleg hálflokuð stigahús leiða íbúa og gesti hússins inn á svalagangana. Með vísun vísað til greinar 80.2 í byggingareglugerð nr. 441/1998 og álits byggingafulltrúa Reykjavíkurborgar um túlkun á því ákvæði hefur Íslandspóstur krafist þess að íbúar hússins setji upp póstkassa við inngang í framangreint fjölbýlishús.

Þá tilkynnti Íslandspóstur íbúum hússins með bréfi, dags. 21. janúar 2010, að fyrirtækið hygðist hætta að bera út póst í húsið ef ekki yrðu settir upp bréfaþakassar í sameiginleg stigahús þess. Íbúum var gefinn 3 mánaða frestur til úrbóta.

Íbúar báru ágreiningsefnið undir PFS samkvæmt heimild 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Með hinni kærðu ákvörðun komst PFS að þeirri niðurstöðu að samkvæmt grein 80.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998, sbr. reglugerð nr. 133/2002, skuli staðsetning bréfaþakassa fyrir íbúa að [REDACTED] vera í hinu opna stigarymi sem samtengt er og notað sem uppgangur í íbúðir á 2. og 3. hæð hússins.

Hefur kærandi, sem er íbúi í umræddu fjöleignarhúsi og telst því hafa lögvarða hagsmuni af niðurstöðu málsins, nú kært þá ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar.

### III. Helstu málsástæður kæranda

Kærandi telur að Íslandspósti sé ekki heimilt að hætta að bera út póst til íbúa [REDACTED] á þeim forsendum að póstkassar skuli vera í sameiginlegum innangi hússins þar sem ekki sé um sameiginlegan inngang að ræða heldur aðeins opið stigahús upp á efri svalir hæðanna þar sem hver og ein íbúð hafi sérinngang.

Kærandi telur í fyrsta lagi að ákvæði 80.2. í byggingareglugerð eigi ekki við um umrætt hús. Í reglugerðinni komi fram að þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafi sameiginlegan inngang skuli húseigendur setja upp bréfabassasamstæður. Að [REDACTED] hafi aftur á móti hver íbúð sér inngang (útihurð) og til að komast að inngangi þurfi ekki að fara í neitt sameiginlegt lokað rými. Hálflokaður stigi til að komast á efri hæðir geti ekki talist sameiginlegur inngangur frekar en göngustígur á jarðhæð með runnum eða skjólveggjum. Hver íbúð hafi sérinngang og við hlið útihurðar séu bréflúgur sem uppfylli öll skilyrði til bréfalúga.

Kærandi bendir í öðru lagi á að byggingafultrúi hafi samþykkt teikningar hússins þegar þær hafi verið lagðar fram áður en húsið hafi verið byggt og við lokaúttekt á húsinu hafi byggingafultrúi gefið út lokaúttektarvottun. Í henni felist m.a. að húsið sé í samræmi við byggingareglugerð.

Í þriðja lagi bendir kærandi á að Íslandspóstur hafi borið út póst í húsið án athugasemda frá árinu 2007 til dagsins í dag en umrædd breyting á afstöðu fyrirtækisins til útburðarins hafi fyrst komið fram eftir að tekin hafi verið ákvörðun um sparnað innan fyrirtækisins.

Í fjórða lagi bendir kærandi á að stigagangar hússins séu opnir fyrir veðrum og vindum en kostnaðarsamt og erfitt verði að gera póstkassana vind- og vatnshelda. Slíkt sé ekki vandamál í þeim fjöleignarhúsum sem hafi lokaða sameiginlega stigaganga.

Loks telja kærendur að staðsetning póstkassanna í opnum stigagangi geri óprúttum aðilum kleift að fylgjast vel með hvaða íbúar sækja póstinn sinn og hverjir ekki, þ.e. hverjir séu heima og hverjir séu að heiman, auk þess sem íbúar geti aðeins sótt póstinn sinn fullklæddir þar sem þeir verði að fara út úr íbúðum sínum.

#### IV. Helstu málsástæður PFS

PFS krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Hin kærða ákvörðun sé m.a. byggð á umsögn byggingafulltrúans í Reykjavík en hann hafi túlkað byggingareglugerð nr. 441/1998 þeim hætti að ákvæði hennar um að póstkassar verði að vera staðsettir á jarðhæð fyrir hvert stigahús þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafi aðgengi um hvert stigahús eigi við um fjöleignarhúsið að [REDACTED]. Túlkun og skýring ákvæða byggingareglugerðar um hvort húsbyggjendur hafi farið á ákvæðum hennar falli ekki undir valdsvið PFS. Því hafi PFS tekið mið af álit byggingafulltrúans í hinni kærðu ákvörðun.

#### V. Niðurstöður

Í málinu er deilt um hvort PFS hafi verið heimilt að staðfesta fyrir mæli Íslandspósts um uppsetningu bréfa kassa fyrir íbúa að [REDACTED] og viðvaranir um að öðrum kosti myndi fyrirtækið hætta að bera út póst í húsið.

Samkvæmt 21. gr. laga um pósthjónustu skal PFS tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt. Þá er í 31. gr. laganna fjallað um móttöku og afhendingu póstsendinga. Í 4. mgr. er kveðið á um að póstsendingu skuli dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfa kassa eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Í lokamálslið 4. mgr. er tekið fram að póstrekkanda sé heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfarifur og bréfa kassar viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar.

Í grein 80.2 í byggingareglugerð nr. 441/1998, sbr. reglugerð nr. 133/2002, er mælt fyrir um, að þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafa sameiginlegan inngang skuli húseigendur setja upp bréfa kassasamstæður. Af hálfu kæranda er á því byggt að engar íbúðir í umræddu húsi hafi sameiginlegan inngang í skilningi ákvæðisins, heldur séu allar íbúðir hússins með sérinngang. Til þess að komast upp á svalaganga sem liggja að inngangi íbúðar þurfi hins vegar að ganga um hálfopin stiga sem engan veginn geti talist sameiginlegur inngangur, auk þess sem engar aðstæður séu þar til þess að setja upp bréfa kassa, enda stiginn óvarinn fyrir veðri og vindum.

PFS byggir hins vegar á umsögn byggingafulltrúa sem telur umrætt fjöleignarhús ekki uppfylla fyrrnefnt ákvæði byggingareglugerðar hvað varðar bréfastöð. Í umsögn hans kemur fram að þar sem fleiri en þrjár íbúðir hússins að [REDACTED] hafi aðgengi um hvert stigahús eigi bréfastöð að vera staðsettir á jarðhæð í hverju stigahúsi.

Fyrir úrskurðarnefnd hafa verið lagðar fram myndir af umræddum svalagöngum og stiga eða stigahúsi. Á þeim má sjá að stiginn er óvarinn fyrir veðri og vindum enda þótt hann sé hálflokaður. Lögmati fyrir mæla Íslandspósts, sem deilt er um í málinu, hvílir að mati nefndarinnar alfarið á túlkun á umræddu ákvæði byggingareglugerðar. Nánar tiltekið hvílir niðurstaða málsins á því, hvort fyrrnefndur stigi eða hið hálflokaða stigahús sem gerð hefur verið grein fyrir, geti flokkast sem sameiginlegur inngangur í skilningi greinar 80.2 í byggingareglugerð, þar sem íbúar hússins teljast varla fara inn í húsið fyrr en komið er inn í einstakar íbúðir af stigagöngum.

Hin kærða ákvörðun er sem fyrr segir byggð á túlkun byggingafulltrúa á umræddu ákvæði byggingareglugerðar. Úrskurðarnefnd tekur undir með PFS að það sé ekki á valdsviði PFS, né heldur úrskurðarnefndar, að túlka eða skýra ákvæði byggingareglugerðar og meta hvort einstök hús uppfylli ákvæði hennar eða ekki.

Með vísan til framangreinds, sem og forsendna hinnar kærðu ákvörðunar að öðru leyti, verður hún því staðfest.

Úrskurðarnefnd tekur þó undir vísan PFS til ákvæða laga um skipulags- og byggingarmál nr. 73/1997 og hugsanlega möguleika á því að bera umrætt álit byggingafulltrúans í Reykjavík með einhverjum hætti undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2008 um Póst- og fjarskiptastofnun.


VI. Úrskurðarorð


Ákvörðun PFS í máli nr. 16/2010 er staðfest.

Málskostnaður nefndarinnar, 204.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Reykjavík, 13. september 2010

  
Jóna Björk Helgadóttir

  
Brynja I. Hafsteinsdóttir

  
Kirstín P. Flygenring